

## Svar

### umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Birni Levi Gunnarssyni um skráningu samskipta í ráðuneytinu.

1. *Hversu oft hafa verið skráð í ráðuneytinu formleg samskipti, fundir og óformleg samskipti frá því að reglur nr. 320/2016 tóku gildi, sbr. 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011? Svar óskast sundurliðað eftir árum og tegundum samskipta.*

Í reglum nr. 320/2016 eru óformleg samskipti skilgreind sem „munnleg samskipti, þar á meðal símtöl og fundir, þar sem lýst er afstöðu eða veittar upplýsingar sem teljast hafa þýðingu fyrir mál sem eru til meðferðar í ráðuneyti eða teljast mikilvægar vegna málefna sem heyra undir ráðuneytið, enda komi afstaðan eða upplýsingarnar ekki fram í öðrum skráðum gögnum.“ Formleg samskipti eru hins vegar skilgreind í reglunum sem innkomin erindi, útsend erindi og svör, og fundir sem boðað er til.

Í málaskrá ráðuneytisins er ekki gerður greinarmunur á formlegum og óformlegum samskiptum við skráningu þeirra. Tölvupóstur telst til að mynda alla jafnan til formlegra samskipta en tölvupóstar á málum geta einnig verið tilkomnir vegna innanhúss samskipta og falla því hvorki undir skilgreiningu um samskipti samkvæmt 1. eða 2. gr. reglnanna. Í tölvupóstum getur einnig verið að finna fundargerðir og skráningu óformlegra samskipta. Minnisblöð eru hér talin til formlegra samskipta en tekið skal fram að í samtölu yfir minnisblöð eru bæði innsend og útsend minnisblöð sem réttilega teljast til formlegra samskipta en einnig eru meðtalin minnisblöð til notkunar innan ráðuneytisins sem falla þá ekki undir reglur um skráningu samskipta. Einnig geta minnisblöð innifalið skráningu á óformlegum samskiptum. Auk þess er það oft svo að óformleg samskipti eru skráð sem athugasemd eða tilmæli inn á forsiður mála og engin leið er til að fanga þær upplýsingar.

Reglur um skráningu samskipta tóku gildi 15. apríl 2016 en til einföldunar eru talin í eftirfarandi töflu öll skjöl á árinu 2016 og miðast tölur frá 2021 við stöðuna í lok marsmánaðar.

#### Formleg samskipti og fundir.

Í neðangreindri töflu eru send og móttækin erindi talin saman, þ.e. innkomin skrifleg erindi og útsend skrifleg erindi og svör, sbr. 1. og 2. tölul. 1. gr. reglna nr. 320/2016, auk fundargerða, sbr. 3. tölul. 1. gr.

	2021	2020	2019	2018	2017	2016
Bréf	496	1.525	2.435	2.132	2.089	2.498
Tölvupóstur	2.913	10.166	11.065	12.307	12.135	12.170
Rafrænar umsóknir	103	61	38	111	77	78
Minnisblöð	55	140	135	151	168	130
Fundargerðir	33	169	133	163	141	202
<b>Samtals</b>	<b>3.600</b>	<b>12.061</b>	<b>13.806</b>	<b>14.864</b>	<b>14.610</b>	<b>15.078</b>

### Óformleg samskipti.

Í neðangreindri töflu er leitast við að fanga skráningu allra óformlegra samskipta, sbr. 2. gr. reglna nr. 320/2016, en skráningu, þ.e. merkingu skjala er oft háttáð þannig að sama merking er notuð fyrir formleg samskipti og óformleg. Auk þess sem ákveðin merking getur einnig verið notuð fyrir vinnuskjöl innan ráðuneytisins. Rétt er að taka fram að skjöl merkt sem „athugasemd“ varða ekki í öllum tilvikum óformleg samskipti. Oft á tíðum eru þetta athugasemdir tengdar skráningu gagna.

	2021	2020	2019	2018	2017	2016
Athugasemd	8	46	64	74	61	45
Minnispunktur af fundi	49	133	186	195	171	118
Símtal	3	32			27	28
<b>Samtals</b>	<b>60</b>	<b>211</b>	<b>250</b>	<b>269</b>	<b>259</b>	<b>191</b>

2. *Hversu oft á hverju ári hafa verið skráð í ráðuneytinu óformleg samskipti, þ.e. munnleg samskipti, símtöl og fundir, samkvæmt sömu reglum þar sem aðilar voru:*
- ráðuneytið við annað eða fleiri ráðuneyti,*
  - ráðuneytið við stofnanir,*
  - ráðuneytið við aðila utan ráðuneytis?*

Í málaskrá ráðuneytisins er ekki hægt að kalla fram lista yfir skjöl sem er raðað eftir samskiptaaðila innan hvers árs. Handvirk greining myndi kalla á tímafreka yfirferð og flokkun á miklum fjölda skjala og því er ekki hægt að veita efnisleg svör við þessum lið fyrirspurnarinnar.

3. *Í hversu mörgum tilfellum, á hverju ári, voru samskiptin skv. 1. og 2. tölul. á milli ráðherra og aðila utan ráðuneytis?*

Ekki er hægt að greina sérstaklega í málaskrá hvort skráð samskipti séu milli ráðherra og aðila utan ráðuneytis og því vísast í svar við 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

4. *Telur ráðherra að skráning skv. 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands og reglna nr. 320/2016 gefi greinargóða mynd af óformlegum samskiptum um mikilvægar upplýsingar fyrir ráðherra milli ráðuneyta eða aðila utan ráðuneytis? Er tilefni til þess að gera slíka skráningu aðgengilegri og gagnsærri, t.d. í dagbók ráðherra?*

Skylda til að skrá óformleg samskipti skv. 2. gr. reglna nr. 320/2016 lítur að mikilvægum upplýsingum um málefni sem heyra undir ráðuneyti. Alla jafna fara fram í ráðuneytinu formleg samskipti þegar mikilvæg málefni eru rædd og þá helst með boðuðum fundum þar sem fundargerðir eru ritaðar. Um einstaka símtöl getur þó í einhverjum tilvikum verið að ræða sem eru þá skráð og eru minnispunktur einnig ritaðir vegna viðtala sem ráðherra veitir. Tilgangurinn með reglum nr. 320/2016 er fyrst og fremst sá að mikilvægar upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir tiltekin mál eða málefni sem heyra undir ráðuneytið séu í reynd skráð þó svo að þau komi fram í óformlegum samtölum og séu því ætíð aðgengileg, m.a. almenningi á grundvelli löggjafar um upplýsingamál.

Reglur nr. 320/2016, um skráningu samskipta í Stjórnarráði Íslands, eru á forræði forsætisráðherra og gerir umhverfis- og auðlindaráðuneytið ráð fyrir því að seinni hluti fyrirspurnar í 4. tölul. fyrirspurnarinnar beinist að því ráðuneyti.